

fái greiddar kr. 65.000.00 úr ríkissjóði, og er þá allt meðtalið annað en beinn útlagður ferðakostnaður.

#### Dómsorð:

Yfirlandskiptagerð um landskipti jarðanna Brekku og Brekkukots frá 16. október 1962 skal standa óhöggð. Yfirlandskiptanefndinni ber þó að mæla úr landi Brekkukots Brekku til handa landskika, sem svarar þriðjung að stærð, notagildi og landgæðum sneiðar þeirrar úr landi Litlu-Giljár, er lenti innan merkja Brekku við landskiptin.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en ríkissjóður greiði málflutningslaun talmanns stefnanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns stefnda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000.00 til hvors.

Föstudaginn 8. mars 1974.

Nr. 175/1973: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Eysteini Þorvaldssyni**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

#### Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

#### Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða, sem framið var 21. desember 1969, var eigi fyrnt, er dómsrannsókn hófst í máli þessu 26. nóvember 1971, sbr. 81. og 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að þessu athuguðu og með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 15.000.00.

Lögreglurannsókn í máli þessu lauk 30. desember 1969. Dómsrannsókn í því hófst svo eigi fyrr en við þingfestingu þess hinn 26. nóvember 1971, er ákæra, sem út var gefin 14. apríl 1970, var birt ákærða og hann yfirheyrður fyrir dómi. Síðan var málið ekki tekið fyrir í sakadómi fyrr en 17. janúar 1973. Verður að víta harðlega þennan óhæfilega drátt á meðferð málsins.

Dómari sá, er kvað upp héraðsdóminn, fékk málið eigi til meðferðar fyrr en 7. desember 1972.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Eysteinn Þorvaldsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júlí 1973.**

Ár 1973, föstudaginn 6. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 354/1973: Ákærvaldið gegn Eysteini Þorvaldssyni, sem tekið var til dóms 24. maí s.l.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 14. apríl 1970, gegn ákærða, Eysteini Þorvaldssyni kennara, Laugarnesvegi 86, Reykjavík, fæddum 23. júní 1932 í Hafnarfirði, fyrir að aka sunnudagsnóttina 21. desember 1969 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 21134 frá Eikjuvogi 24, Reykjavík, að Laugarásvegi 32, þar sem hann hafði stutta dvöl, en hugðist síðan aka þaðan á brott, en var hindraður í akstri af gestum, sem staddir voru þar í húsinu, eftir að hafa ekið nokkurn spöl.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr.

umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-  
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.  
gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og  
refsingum sem hér segir:

1965 29/4 Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á áfeng-  
is- og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dóms-  
birtingu (22/6 1965).

1965 17/9 Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 19. og 51. gr.  
umferðarlaga og 15. gr. lögreglusamþykktar.

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt skýrslu Magnúsar G. Kjartanssonar lögreglumanns  
var klukkan 0430 aðfaranótt sunnudagsins 21. desember 1969 ósk-  
að eftir lögregluaðstoð að Laugarásvegi 32 hér í borg. Lögreglu-  
maðurinn fór ásamt tveim starfsfélögum sínum að sinna þessu.  
Er þeir komu að Laugarásvegi 32, hittu þeir fyrir Heiðar Árna-  
son, til heimilis Austurbrún 2 hér í borg. Heiðar skýrði lögreglu-  
mönnum svo frá, að maður hefði komið að nefndu húsi, bank-  
aði hann á rúðu og krafðist inngöngu jafnframt því sem maðurinn  
hreitti út úr sér svívirðingum. Heiðar og vinir hans, sem voru  
innandyra, skeyttu þessu engu í það skipti, en er maðurinn kom  
aftur stuttu seinna og gerði á ný ónæði, þraut Heiðar þolinmæði.  
Fór hann út ásamt Ríkharði Björnssyni, Vesturgötu 52, er einnig  
var þarna staddur, og eltu þeir manninn að jeppabifreiðinni R  
21134, er var þarna fyrir utan. Tókst Ríkharði að setjast inn í  
bifreiðina við hlið mannsins og reyndi að hindra hann í akstri  
bifreiðarinnar, og tókst það ekki, fyrr en maðurinn hafði ekið bif-  
reiðinni 20—30 metra, en þá tókst Ríkharði að ná lyklinum úr  
kveikjúlási bifreiðarinnar. Heiðar gerði lögreglunni síðan aðvart  
og afhenti henni lykla bifreiðarinnar, en maðurinn var þá allur á  
bak og burt.

Lögreglumennirnir fluttu bifreiðina á lögreglustöðina og sáu  
þar í bifreiðaskrá, að Eysteinn Þorvaldsson, til heimilis Hrístateigi  
22 hér í borg, ákærði í málinu, var skráður eigandi hennar. Um  
klukkan 0500 var lögreglumaðurinn ásamt einum starfsfélaga sín-  
um á leið að Hrístateigi 22, er tilkynning barst um, að margnefnd-  
ur maður væri aftur kominn að Laugarásvegi 32. Er lögreglan  
kom þangað, vísaði Ríkharður henni á manninn, sem hafði verið  
þarna fyrr um nóttina, og reyndist það vera ákærði í málinu.

Við yfirheyrslu á lögreglustöðinni neitaði ákærði eindregið að hafa ekið bifreiðinni R 21134 að Laugarásvegi 32, heldur hafi það verið vinkona hans, Kolbrún Haraldsdóttir, Skaftahlíð 5. Er lögreglan hafði samband við Kolbrúnu, neitaði hún að hafa ekið bifreiðinni að húsinu. Hins vegar sagði hún vinkonu sína, Jóhönnu Margréti Guðjónsdóttur, Laufásvegi 65, hafa ekið bifreiðinni fyrir Eystein, þar eð hann hafði neytt áfengis, að húsi við Eikjuvog og hún sjálf hefði ekið bifreið föður síns að sama húsi.

Á lögreglustöðinni viðurkenndi ákærði að hafa neytt tveggja áfengisskammta á Gamla Garði á tímabilinu frá klukkan 2000—2200, og síðast sagðist ákærði hafa ekið bifreið sinni um klukkan 1800—1830 frá heimili sínu að Laugarnesvegi 86 að Gamla Garði.

Yfirheyrslan yfir ákærða hófst klukkan 0530, og að henni lokinni var ákærði færður til blóðtöku á Borgarspítalann og honum tekið þar blóð klukkan 0620, og síðan var hann fluttur í fangaeymslu lögreglunnar.

Klukkan 1100 um morguninn var ákærði tekinn til yfirheyrslu af rannsóknarlögreglunni. Ákærði bar, að hann hafi verið á fundi á Gamla Garði kvöldið á undan. Þar neytti ákærði ásamt kunningjum sínum líttillega áfengis. Er fundi lauk um klukkan 0100, að því er ákærða minnti, það ákærði stúlku þarna að aka bifreið sinni, R 21134, fyrir sig. Við brottförina frá Gamla Garði fann ákærði töluvert til áfengisáhrifa, og kvaðst ákærði hafa staðið í þeirri trú, að Kolbrún Haraldsdóttir hefði ekið fyrir sig, en vel mætti vera, að það hafi verið Jóhanna Margrét Guðjónsdóttir, Laufásvegi 65, sem einnig var á fundinum. Var farið í eitthvert hús við Eikjuvog, en ekki mundi ákærði, hverjir voru þar, að því undanskildu, að ákærði mundi eftir Þorleifi Haukssyni, Urðartúni við Laugarásveg, sem sat við hlið ákærða í aftursæti bifreiðarinnar á leiðinni í Eikjuvog. Bifreið ákærða var lagt við ofangreint hús, og fór ákærði ásamt samferðafólki sínu þar inn.

Eitthvert áfengi drakk ákærði þarna inni, og taldi hann sig hafa dvalist þarna stutta stund. Var þá farið að Laugarásvegi 32, og var erindið að sækja þangað einhverja persónu, sem ákærði vissi ekki, hver var. Ekki vissi ákærði, hver ók bifreiðinni, en sagði það fullvíst, að hann hefði ekki gert það. Ekki mundi ákærði, hvaða fólk var með sér í umræddri ferð, enda var ákærði mikið ölvaður.

Ákærði og samferðafólk hans fór að nefndu húsi við Laugarásveg. Var þeim illa tekið, og eftir að hafa átt einhvern orðastað

við fólkið úr húsinu, var aftur farið að bifreiðinni. Sátu þá í henni tveir menn og annar þeirra undir stýri. Lykill var í kveikjúlás, en ekki mundi ákærði, hvort bifreiðin var í gangi. Mennirnir tveir hótuðu ákærða öllu illu og gerðu sig líklega til að leggja á hann hendur. Ákærði forðaði sér þá á braut, en vissi ekki, hvað varð af samferðafólki sínu. Ákærði kom að húsinu aftur eftir töluverða stund og sá þá, að bifreiðin var horfin. Fólkið í húsinu tók ákærða nú betur og hringdi fyrir hann á lögreglustöðina, þar sem hann var sakaður um ölvunarakstur, sem hann harðneitaði.

Umræddan sunnudag, klukkan 1345, gaf Heiðar Árnason skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Heiðar kvaðst hafa verið gestkomandi nóttina á undan á Laugarásvegi 32, og var hann smávegis undir áhrifum áfengis. Þá kom, sennilega um klukkan 0200, maður að húsinu og opnaði glugga á 1. hæð og kallaði inn „þarna eruð þið aumingjarnir ykkar“ og eitthvað fleira. Síðan fór maðurinn frá glugganum og Heiðar og Ríkharður Björnsson fóru út og tóku manninn tali. Maðurinn kvaðst þekkja þá báða og gerði sig líklegan til að ráðast á þá, en róaðist fljótt og fór. Heiðar kvaðst ekki hafa séð annað en að maðurinn væri einn á ferð, og var maðurinn mjög drukkinn. Heiðar veitti þarna athygli inni á bifreiðastæði við húsið Landrover bifreið, með skrásetningarmerkinu R 21134, sem ekki var þarna, er Heiðar kom klukkan 2230. Eftir að maðurinn var horfinn, veitti Heiðar því athygli, að bifreiðin R 21134 var einnig horfin, og taldi hann víst, að maðurinn hefði farið í henni.

Eftir um 10 mínútur kom maður þessi aftur, og sá Heiðar og félagi hans manninn út um gluggann, og sat hann undir stýri áðurgreindrar bifreiðar, sem nú stóð við húsið. Heiðar og Ríkharður fóru út til að tala við manninn. Ríkharður fór að bifreiðinni farþegamegin og settist inn í bifreiðina við hlið mannsins. Maðurinn ók þá af stað með Ríkharð, og stöðvaðist bifreiðin eftir um 70—80 m, en þá hafði Ríkharði tekist að fá manninn ofan af þessari vitleysu. Heiðar hafði hlaupið á eftir bifreiðinni, og er hún stöðvaðist, opnaði hann dyrnar hjá ökumanni og tók lykilinn úr kveikjúlásnum. Maðurinn, sem var einn í bifreiðinni, virtist sætta sig við þetta og kom inn í íbúðina. Þar vildi maðurinn fá kveikjulyklana, en Heiðar neitaði að afhenda þá. Eftir nokkurt þras hringdi Heiðar á lögregluna, en á meðan hann var í símanum, forðaði maðurinn sér. Lögreglan kom síðar og fékk lyklana og flutti bifreið mannsins á brott. Síðan fór Heiðar heim til sín,

og skömmu eftir að hann kom þangað, hringdu kunningjarnir á Laugarásvegi og sögðu manninn hafa komið aftur og lögreglan hefði tekið hann.

Ríkharður Björnsson mætti hjá rannsóknarlögreglunni 30. desember 1969 og gaf skýrslu í málinu. Ríkharður skýrði svo frá, að ... laugardagskvöldið 20. s. m. hafi hann verið gestkomandi hjá Hallfríði Þorsteinsdóttur, Laugarásvegi 32. Aðrir gestir voru Heiðar Árnason og frú. Ríkharður var lítilega undir áfengisáhrifum. Klukkan um 0200, að því er Ríkharður taldi, urðu þau vör við, að maður kom á gluggann, opnaði hann og kallaði til þeirra einhver ókvæðisorð. Þeir Heiðar fóru út og ræddu við manninn, sem var ókunnur og mikið drukkin. Lét hann allófriðlega og hótaði þeim öllum hinu versta, en róaðist brátt og fór. Ekki bar maðurinn upp neitt erindi.

Strax og þeir Heiðar komu út úr húsinu, sáu þeir Landrover bifreið standa við húsið á bifreiðastæði við það. Ekki könnuðust þeir við bifreiðina. Eftir að maðurinn var farinn, veittu þeir félagar því athygli, að bifreiðin var horfin, og töldu þeir víst, að maðurinn hefði farið með umræddri bifreið, annað hvort sem farþegi eða ökumaður.

Nokkru síðar urðu þeir varir við, að bifreiðin var aftur komin, og stóð hún nú úti á Laugarásvegi. Var maðurinn einn í bifreiðinni og sat undir stýri hennar. Ríkharður bar, að þeir Heiðar hafi séð út um eldhúsgluggann, er bifreiðin kom akandi að húsinu, og var hún stöðvuð þarna beint á móti. Fóru þeir strax út og Heiðar að bifreiðinni farþegamegin og settist við hlið ökumanns, sem var sami maður og áður kom að húsinu og ræddi við þá. Um leið og Ríkharður fór upp í bifreiðina, ók maðurinn af stað, og ók hann bifreiðinni um 60—70 m, áður en Ríkharði tókst að hafa hann ofan af þessari vitleysu. Strax og bifreiðin var stöðvuð, opnaði Heiðar hurðina hjá ökumanni, tók lyklana úr kveikjúlásnum og stöðvaði þannig vél bifreiðarinnar. Maðurinn ók umræddan spotta frekar hægt, og var maðurinn mjög ölvaður. Maðurinn fékkst til að koma inn í húsið, en á meðan Heiðar hringdi í lögregluna, forðaði maðurinn sér. Skömmu síðar kom lögreglan, fékk hún bíllyklana og fór á brott með bifreiðina.

Eftir um 11/2 klukkustund kom maðurinn enn einu sinni, hringdi dyrabjöllunni, og var hleypt inn í húsið. Hringt var aftur á lögregluna, að þessu sinni að ósk mannsins. Skömmu síðar kom lögreglan og fór með manninn.

Þorleifur Hauksson, Urðartúni við Laugarásveg, gaf skýrslu

hjá rannsóknarlögreglunni sunnudaginn 21. desember 1969. Þorleifur sagði það rétt vera, að hann hefði verið á fundi á Gamla Garði ásamt ákærða og fleirum kvöldið á undan. Fundarmenn neyttu þar lítilla áfengis. Að fundi loknum, um klukkan 0100, að því er Þorleif minnti, var ákveðið að fara til kunningjafólks í húsi einu við Eikjuvög, þar sem Kritján Guðmundsson var húsráðandi. Farið var á bifreið ákærða, sem er af Landrover gerð. Þar eð ákærði hafði neytt áfengis, fékk hann stúlku, sem var á fundinum, til að aka. Ákærði og Þorleifur sátu aftur í bifreiðinni á leiðinni í Eikjuvög, en ökustúlkan, önnur stúlka og Jónas Finnbogason, stud mag., sátu fram í. Í Eikjuvoginum var haldið áfram að drekka áfengi, og fór Þorleifur þaðan um klukkan 0300, að því er hann minnti, og var þá töluvert ölvaður. Þorleifur hélt, að ákærði hefði þá verið ófarinn. Ekki tók Þorleifur eftir bifreið ákærða, er hann fór, enda gætti hann ekki sérstaklega að henni þá.

Rannsóknarlögreglan hafði sama dag samband við Kristján Guðmundsson, Eikjuvogi 24. Kristján kvaðst hafa boðið til sín eftir ofangreindan fund allstórum hópi fólks, þ. á m. ákærða, sem kom heim til Kristjáns á tímabilinu klukkan 0030—0100. Jóhanna Guðjónsdóttir, Laufásvegi 65, ók bifreið ákærða frá fundarstað og heim til Kristjáns. Kristján veitti gestum sínum kaffi og áfengi og taldi ákærða vera farinn klukkan um 0200 eða rúmlega það, því Kristján taldi sig muna vel, að hann sæi ekki ákærða eftir þann tíma. Ekkert vissi Kristján um ferðir ákærða eftir þetta og veitti því ekki athygli, hvort bifreið hans var við húsið, eftir að gestirnir voru farnir um klukkan 0400.

26. nóvember 1971 kom ákærði fyrir dóm. Ákærði kvað atvikum varðandi sig eigi rétt lýst í ákæru frá 14. apríl 1970. Ákærði neitaði því að hafa ekið bifreið sinni, R 21134, undir áhrifum áfengis sunnudagsnóttina 21. desember 1969 frá Eikjuvogi 24 og að Laugarásvegi 32 svo og að hafa ekið stuttan spöl við síðargreinda húsið.

Ákærði kvaðst hafa verið gestkomandi að Eikjuvogi 24 umrædda nótt og hafi bifreið hans staðið við það hús. Ákærði hafði áfengi um hönd um nóttina, og var ákærði talsvert undir áhrifum áfengis. Er nokkuð var liðið á nóttina, vildi ákærði fara heim til kunningja síns, Þorleifs Haukssonar, cand. mag., er verið hafði með ákærða þá fyrr um kvöldið, en ákærði vissi til þess, að Þorleifur bjó í húsi við Laugarásveg. Ákærði greip til þess ráðs að hringja úr Eikjuvogi til Hilmars Sigurðssonar tæknifræðings, Laugarás-

vegi 19, til að fá Hilmar til að aka sér heim til Þorleifs. Úr varð, að Hilmar kom í Eikjuvoginn og ók ákærða í bifreið hans, R 21134, þaðan og á móts við húsið Laugarásveg 32. Að akstri loknum fór Hilmar gangandi heim til sín, en ákærði leitaði að Þorleifi. Í því skyni knúði ákærði dyra að Laugarásvegi 32 og spurði eftir Þorleifi, en í ljós kom, að Þorleifur var ekki sagður búa þar. Ákærði sagði það vel mega vera, að hann hafi tvívegis komið að Laugarásvegi 32 í leit sinni að húsi Þorleifs. Ákærði átti tal við fólk að Laugarásvegi 32 og mundi sérstaklega eftir tveim karlmönnum, er ákærði taldi báða ölvaða. Eitthvað lenti ákærði í orðahnippingum við menn þessa, og er mennirnir fóru að bifreið ákærða, þar sem Hilmar hafði lagt henni fyrr um nóttina, taldi ákærði, að vera kynni, að mennirnir færu eitthvað að hrófla við bifreiðinni, og óskaði sérstaklega eftir því, að lögreglan yrði kvödd á vettvang. Úr varð, að mennirnir hringdu á lögregluna frá Laugarásvegi 32, og var framvinda málsins sú, að ákærði var handtekinn og færður til frekari rannsóknar.

Ákærði tók fram, að hann hefði hlustað á, er beðið var um lögregluna á Laugarásvegi, og hafi hann þá heyrt á tali hinna tveggja ókunnu manna, hvað þeir ætluðu að segja lögreglunni, og skildist ákærða á þeim, að þeir ætluðu að saka ákærða um að hafa ekið bifreiðinni R 21134 rétt áður um Laugarásveg.

Ákærði greip þá til þess ráðs að ná sjálfur í lögreglu og fór í því skyni út úr húsinu og leitaði eftir lögreglu án árangurs í nágrenninu. Við svo búið kvaðst ákærði hafa snúið að nýju að Laugarásvegi 32 og hafi lögreglan komið örskömmu síðar á vettvang.

Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis, frá því hann var gestur í Eikjuvogi og allt þar til honum var tekið blóð vegna rannsóknar málsins.

Vitnið Snælaugur Heiðar Árnason bifvélavirki, Austurbrún 2, kom fyrir dóm 20. mars s.l. Vitnið kvaðst þá muna lítt eftir atvikum, en þó kvaðst það muna, að það og eiginkona þess, Jóninna Karlsdóttir, hafi verið gestkomandi hjá hjónunum Hallfríði og Ríkharði að Laugarásvegi 32, jarðhæð. Vitnið sagði manninn hafa komið tvisvar, og leiddi það til þess, að hringt var á lögregluna. Vitnið sagðist muna, að maðurinn hefði ekið bifreið, sem hann var á, stuttan spöl fyrir framan húsið. Taldi vitnið það vera um 60 m. Ók maðurinn mjög hægt, og hljóp vitnið á eftir bifreiðinni og náði að hrfisa kveikjúláslykilinn úr henni. Minnti vitnið fastlega, að þetta hafi verið jeppabifreið.

Er þetta átti sér stað, var vitnið búið að neyta nokkurs áfengis,

og maðurinn, sem var einn á ferð, var töluvert ölvaður. Er lögreglan kom á vettvang, var maðurinn á bak og burt og henni því afhentir bíllyklarnir.

Ekki taldi vitnið sig muna meira um málavexti, og eftir að framburður þess hjá rannsóknarlögreglu hafði verið lesinn í heyrenda hljóði, staðfesti vitnið að hafa gefið hana eftir bestu vitund á sínum tíma.

Ofangreindan framburð staðfesti vitnið fyrirfram með eiði.

Á dómþingi sama dag, gaf vitnið Ríkharður Björnsson, Ægisíðu 64, skýrslu. Umrætt sinn var vitnið gestkomandi að Laugarásvegi 32, jarðhæð, hjá Hallfríði, núverandi eiginkonu sinni, ásamt hjónunum Heiðari og Jóninu. Vissu þau ekki fyrr til en ókunnur maður var kominn hálfur inn um opinn glugga. Fór vitnið og vitnið Heiðar þá út, og lentu þeir í smástimpingum við manninn, og tókst manninum að komast frá þeim upp í Landrover bifreið, hvíta að lit, sem stóð fyrir framan húsið. Ók maðurinn af stað inn Laugarásveginn, en vitnið og félagi þess hlupu á eftir. Tókst vitninu að komast upp í bifreiðina í sætið við hliðina á ökumanni, en vitnið Heiðar hljóp með bifreiðinni og tókst að ná til sín kveikjulyklunum og stöðva þannig bifreiðina. Ekki mundi vitnið, hve langt maðurinn ók, en það var smáspölur og í öllu falli meira en bíllengd. Lögreglunni var gert viðvart, en maðurinn var horfinn af vettvangi, er hún kom. Eftir að lögreglan var farin, birtist maðurinn aftur. Var lögreglunni aftur gert viðvart, og handtók hún manninn, er hún kom á vettvang á nýjan leik.

Vitnið var eitthvað undir áhrifum áfengis og taldi, að maðurinn hefði verið það líka.

Framburður vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni var lesinn í heyrenda hljóði að lokum, og að því loknu staðfesti vitnið að hafa gefið framburðinn eftir bestu vitund á sínum tíma.

Ofangreindan framburð staðfesti vitnið fyrirfram með eiði.

Hallfríður Þorsteinsdóttir hárgreiðsludama, Ægissíðu 64, kom einnig fyrir dóm sama dag. Vitnið kvaðst ekki hafa séð umræddan mann aka bifreiðinni. Atvikið sagði vitnið hafa gerst í desembermánuði, að því er það minnti síðasta laugardag fyrir jól, þegar verslanirnar voru opnar til klukkan 2200. Sat vitnið ásamt Ríkharði, núverandi eiginmanni sínum, og hjónunum Heiðari og Jóninu heima í stofu. Voru Heiðar og Ríkharður eitthvað við skál. Skyndilega birtist ókunnur maður í stofuglugganum og kallaði einhver ókvæðisorð. Heiðar og Ríkharður fóru út, en vitnið kveðst hafa viljað skipta sér sem minnst af málinu, enda maðurinn ber-

sýnilega ölvaður og virtist fremur fara húsavillt en að ætla að gera eitthvað af sér. Ríkharður og Heiðar fóru út og tóku að ávita manninn fyrir framkomuna. Maðurinn virtist æsast upp og stökk að ljósri Landrover bifreið, en Ríkharður og Heiðar stöðvuðu hann. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hvort maðurinn hafi keyrt eða ekki. Framburð þennan staðfesti vitnið með eiði eftir á.

21. mars s.l. kom fyrir dóm vitnið Jóninna Karlsdóttir afgreiðslustúlka, Austurbrún 2. Vitnið minntist þess, að það var á sínum tíma gestkomandi ásamt eiginmanni sínum, Heiðari Árnasyni, hjá Hallfríði Þorsteinsdóttur, Laugarásvegi 32, er ókunnur maður kom þar allt í einu á stofuglugga, sem snýr að baklóð hússins. Minnti vitnið, að maðurinn hafi komið tvisvar. Vitnið kveðst hafa verið farið, er lögreglan kom á vettvang, og minnti, að það hafi farið, þegar piltarnir voru að hringja á lögregluna. Minnti vitnið, að Heiðar og Ríkharður hafi eitthvað verið að fást við manninn, er það fór. Vitnið gat ekki af eigin raun borið um, hvort hinn ókunni maður hafi ekið greint sinn. Vitnið sagði, að það hafi talið manninn ölvaðan, en minnst þess ekki, að það hafi sjálft verið búið að neyta áfengis.

Vitnið Jóhanna Margrét Guðjónsdóttir húsmóðir, Hofvallagötu 57, kom fyrir dóm 20. mars s.l. Vitnið gat lítið um málið sagt annað en að það ók bifreið ákærða frá Gamla Garði að Eikjuvogi 32, en alls ekki þaðan. Vitnið sagði ákærða farinn úr boðinu á undan sér. Ekki sá vitnið ákærða fara og gat ekkert sagt um, hvort hann fór á eða í sinni bifreið.

29. mars kom Kolbrún Björk Haraldsdóttir, stud. mag., Skaftahlíð 5, fyrir dóm. Vitnið minntist þess að hafa verið gestkomandi í Eikjuvogi 24 ásamt ákærða og mörgu fleira fólki. Húsráðandi var Kristján Guðmundsson, páverandi kennari. Vitnið sá ákærða ekki fara brott úr samkvæminu og gat því ekki sagt um, hvort ákærði fór þaðan á eigin bíl, einn eða ásamt fleirum.

Sama dag kom fyrir dóm Þorleifur Hauksson lektor, Austurbrún 2. Vitnið gat ekki borið um, með hvaða hætti ákærði fór á brott frá Eikjuvogi 24. Vitnið kvaðst ekki muna betur en að það hefði farið á undan ákærða.

Kristján Helgi Guðmundsson félagsmálastjóri, Eikjuvogi 32, kom fyrir dóm 6. apríl s.l. Vitnið var ekki vart við, er ákærði fór, og gat því ekki borið um, hvort hann fór í eigin bifreið eða ekki, er hann fór úr boði vitnisins, er það hélt að afloknum fundi á Gamla Garði. Vitnið sagði ákærða hafa komið í eigin bifreið frá

Gamla Garði, þó að hann hafi ekki ekið. Vitnið minnst þess ekki að þekkja Hilmar Sigurðsson verkfræðing og minnst þess ekki heldur, að umrædda nótt hafi nokkur maður komið að spyrja um ákærða, a. m. k. ekki til sín.

Loks kom fyrir dóm sama dag Hilmar Sigurðsson verkfræðingur, Kleppsvegi 18. Vitnið kvaðst þekkja ákærða lítið eitt, en hins vegar væru eiginkonur þeirra vinkonur frá barnsaldri. Vitnið sagði það hafa komið fyrir, að það hefði ekið bifreið fyrir ákærða, er hann var undir áhrifum áfengis. Ekki gat vitnið sagt um, hvort það hafi ekið fyrir ákærða bifreið frá Eikjuvogi 24 að Laugarásvegi 32.

Í sýnishorni af blóði ákærða, er tekið var, reyndust vera reducerandi efni, er samsvara 1.58% af alkóhóli.

Gegn neitun ákærða telst ekki sannað, sbr. meginreglu 108 gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 21134 frá Eikjuvogi 24 að Laugarásvegi 32, þótt fyrir liggi vitnisburður Ríkharðs Björnssonar eins um, að hann hafi séð ákærða koma akandi í bifreiðinni að húsinu Laugarásvegi 32 umrætt sinn. Hins vegar telst sannað með eiðsvörnum framburðum sama vitnis og vitnisins Heiðars Árnasonar, að ákærði hafi ekið bifreiðinni smáspöl við ofangreint hús.

Atferli ákærða varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Verjandi ákærða í máli þessu, Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, hefur krafist þess í málsvörn sinni, að ákærði verði sýknaður af atferli því, er í ákæru greinir, vegna þess að sök sé fyrnd samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940.

Vegna þessarar kröfu lögmannsins þykir verða að rekja gang málsins í stórum dráttum.

Ákæra í máli þessu var útgefin 14. apríl 1970 vegna atburðar, er átti sér stað 21. desember 1969. Er mál þetta var þingfest 26. nóvember 1971 og ákærði kom fyrir dóm, var fyrningarfrestur málsins rofinn. Þann 21. mars 1972 ritaði þáverandi dómari málsins verjanda m. a.: „Dómari málsins hefur ákvaðið að hafa framhaldsrannsókn í málinu, og verður yður tilkynnt með hæfilegum fyrirvara um næstu fyrirtekt þess“. Sá dómari hætti störfum við dóminn s.l. haust, og núverandi dómari fékk málið til meðferðar 7. desember s.l. Þingaði hann í málinu 17. janúar, 20. mars, 21. mars, 29. mars, 6. apríl og 24. maí, er mál þetta var varið og tekið til dóms. Niðurfall á rannsókn málsins frá 26. nóvember 1971

til 17. janúar 1973 verður að skoðun dómsins, einkum er ofangreint bréf er virt svo og dómaraskipti í málinu, ekki metin svo, að hætt hafi verið við rannsókn málsins um óákveðinn tíma.

Refsing ákærða samkvæmt 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og refsíðóm frá 29. apríl 1965, telst hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Svo sem krafist er í ákæru, ber samkvæmt 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga og ofangreindan refsíðóm, að svipta ákærða ökuréttindum sínum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þar sem ákærði er sakfelldur fyrir brot það, sem honum er gefin sök á, ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 82/1961 að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Eysteinn Þorvaldsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum sínum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.